

# HÁDEGISFUNDUR



Laugardagur 9. september 2017  
Hótel Saga

---

K: Hvað er fundarherbergi?

B: Fundarherbergi er staður þar sem hópur fólks hittist og talar saman.

K: Getur þú komið með dæmi?

B: Já. Segjum sem svo að þig langi til að hitta nokkra vini til þess að skipuleggja komandi tíma, hvort sem það er tengt áhugamálum eða starfi. Þú ættir að koma fólki saman í góðri aðstöðu til þess að geta talað saman, ótruflað. Þá væri t.d. sniðugt að bóka svona fundarherbergi, þau eru gerð til þess að fólk eigi bæði afslappaða og einbeitta umræðu.

K: Er fundarherbergi staður þar sem fólk talar saman um það sem það vill gera nokkrum dögum síðar?

B: Já það er rosa gott að skipuleggja sig á svona stöðum. Skoða dagatöl, hlusta á kynningar... Sitja kyrr mjög lengi með hendurnar svona...\*gerir þríhyrning með báðum höndum\* fyrir framan hökuna. Mjög mikilvægt að hafa góða stellingu.

K: Hvernig hjálpar það til að vera í góðri stellingu?

B: Það er mikilvægt að samstillast sig umhverfinu. Stólarnir eru í svona stellingu, með silfurfótum. Þeir grafa sig ofan í teppið. Ákveðnir. Bordin eru svona, nógu lág til þess að ég hafi yfirsýn yfir allt sem er að gerast. Yfirsýn og þægindi.

K: Það er styrkur í góðri fundaraðstöðu. Gott ef staðurinn lætur þér líða vel.

B: Ég held að einhver hafi komið hingað inn og sagt ekki neitt. Bara verið í fundarherberginu.

K: Fundaraðstaðan verður að vera nógu góð til þess að langa til að koma hingað og segja ekki neitt. Í fullkomnu umhverfi. Í svona augnabliki með stólunum, borðunum... teppinu og útsýninu.

B: Síðan mæta hinir, þá byrjar fundurinn.